

Sp.

320. Tillaga til þingsályktunar

[169. mál]

um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga.

Flm.: Einar Ágústsson, Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson, Jón Kjartansson, Halldór Ásgrímsson, Helgi Bergs.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til þess að útvega Byggingarsjóði ríkisins allt það fjármagn, sem þarf, til þess að unnt sé án tafar að veita hámarkslán samkvæmt lögum til allra þeirra, er sótt hafa um lán og komið íbúðum sínum í lánshæft ástand. Enn fremur að ríkisstjórnin ákveði, að 150 þús. króna hámarkið, sem nú er ákveðið í lögum um lánveitingar Húsnæðismálastofnunarinnar, verði látið ná til íbúða, sem byrjað var á eftir gengisbreytinguna 1960.

Greinargerð.

Byggingarsjóður ríkisins hafði 82 millj. kr. til ráðstöfunar á árinu 1962. Þetta reyndist algerlega ónóg. Um áramótin seinustu mun sjóðinn hafa vantað 92.3 millj. kr. til þess að fullnægja fyrirbyggjandi beiðnum. Auk þess hafa á tímabilinu 1/1—15/2 1963 horizt 190 umsóknir um ný lán og 125 umsóknir um viðbótarlán. Þá er nauðsynlegt að veita þeim, sem hófu framkvæmdir á tímabilinu frá gengislækkun 1960 og fram til 1/8 1961, sama lán og þeim, sem byrjað hafa byggingu síðar, þar sem hin mikla hækkun byggingarkostnaðar, sem af gengislækkuninni leiddi, hefur einnig lent á þeim með fullum þunga. Hinn aukni byggingarkostnaður gerir það enn nauðsynlegra en áður, að menn geti fengið hámarkslánin, strax og settum reglum er fullnægt, en á því hefur, sem kunnugt er, verið mikill misbrestur.

Af því, sem hér hefur verið rakið, er augljóst, að Byggingarsjóður þarf á miklu meira fjármagni að halda en hann hafði á s. l. ári, og því enn nauðsynlegra, að ráðstafanir séu hafnar til þess að tryggja honum þessi fjárráð.

Í tillögunni er ekki bent á ákveðnar leiðir til að tryggja sjóðnum þetta fjármagn. Þar getur verið um margar leiðir að velja og ekki óeðlilegt, að ríkisstjórnin hafi frjálst val um þær.

Í þessari tillögu er ekki gert ráð fyrir hækkun á hámarki þeirrar fjárhæðar, sem lánuð er til einstakra íbúða. Ástæðan er sú, að framsóknarmenn hafa á öðru þingskjali flutt tillögu um heildarendurskoðun laganna um Byggingarsjóð, þar sem lagt er til, að lánveitingar til byggingar nýrra íbúða verði auknar svo, að unnt verði að lána til hvernar íbúðar af hóflegri stærð 2/3 hluta af byggingarkostnaði. Ber að vænta þess, að niðurstöður þeirrar endurskoðunar geti legið fyrir á næsta þingi.